

Tillaga til þingsályktunar

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123., 125. og 126. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að ekið verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri – Hjalteyri – Hauganes – Árskógssandur – Dalvík – Ólafsfjörður.
2. Akureyri – Kristnes – Hrafnagil – Laugaland.
3. Akureyri – Svalbarðseyri – Laufás – Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

- Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
- Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
- Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
- Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
- Aðgerðin er orkusparandi.

Að beiðni Ferðamálamíðstöðvar Eyjafjarðar hefur fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf, Norðurlandi, unnið skýrslu um fjárhagslegar forsendur verkefnisins. Þar kemur fram að árlegur rekstrarkostnaður slíks almenningssamgöngukerfis yrði um 34–37 millj. kr. Erfiðara er að áætla tekjurnar en talið er að þær gætu numið frá 20–35 millj. kr. Að öðru leyti vísast til aðalatriða skýrslunnar sem birt eru í fylgiskjali með tillögunni.

Fylgiskjal.

Jón Helgi Pétursson:

Almenningssamgöngur í Eyjafirði – rekstrargrundvöllur.*Aðalatriði skýrslu.*

- Helstu hópar líklegra viðskiptavina almenningssamgöngukerfis eru framhalds-, sérskóla- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn auk almennings. Auk þess er hugsanlegt að kerfið geti nýst til hagræðingar í akstri grunnskólanema.
- Rekstrarkostnaður kerfisins, miðað við þær forsendur sem byggt er á, er áætlaður 34–37 millj. kr. á ári. Rekstrartekjur er erfitt að meta nema að fenginni reynslu en þó er líklegt að greiða þurfi með rekstrinum líkt og nær algilt er varðandi rekstur sem þennan.
- Við mat á rekstrargrundvelli kerfisins verður einnig að taka til greina þann kostnað sem sparast mun með tilkomu kerfisins. Kostnaður sem tveir stórir vinnustaðir á svæðinu þurfa að bera vegna aksturs vinnuafis, auk kostnaðar sem sveitarfélög bera af núverandi almenningssamgöngum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, nemur hátt í 6 millj. kr. Til viðbótar verður að taka inn í myndina mögulega hagræðingu í akstri grunnskólanema.
- Almenningsamgöngukerfi um Eyjafjarðarsvæðið er skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapar sterkara mótvægi við höfuðborgarsvæðið, þar sem fólk hefur fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu og meira frelsi til búsetuvals.
- Almenningsamgöngur eru mikilvægur hluti eflingar Eyjafjarðarsvæðisins sem ferðamannasvæðis.
- Gerð er tillaga um að boðinn verði út rekstur almenningssamgöngukerfis í tilraunaskyni. Slík tilraun yrði á vegum sveitarfélaga á svæðinu með stuðningi hins opinbera. Lágmarkstími tilraunar sem þessarar er tvö ár en þyrfti helst að vera lengri, t.d. fimm ár. Að loknum reynslutíma skal árangur tilraunar metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.